

Reykjavík, 14. águst 2019  
22. fundur

Lagt fyrir fund fjölmeningarráðs 19. 08. 2019

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Fjölmeningarráð

**Sendandi:** Joanna Marcinkowska, sérfræðingur í málefnum innflytjenda mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

---

### *Efni: Yfirlýsing stuðningu Reykjavíkurborgar við fjölmeningu*

#### **Forsaga:**

Reykjavíkurborg hefur verið aðili að stuðningsnetinu Intercultural Cities, sem heyrir undir Evrópuráðið, síðan 2014.

Markmið verkefnisins er að styðja borgir í að þróa aðferðir til að takast á við fjölbreytni í fjölmeningarsamfélagi og stuðla að aukinni þátttöku innflytjenda og minnihlutahópa. Þátttökuborgir fá aðstoð alþjóðlegra sérfræðinga til þess að greina stefnur og stjórnunarhætti borganna út frá fjölmeningarlegu sjónarhorni.

Aðalmarkmið verkefnisins er skuldbinding til að fagna fjölbreytileika og að sýna vilja til að gera betur í málefnum innflytjenda.

#### **Greinargerð:**

Til að fjölmeningarleg aðlögun geti átt sér stað þurfa borgaryfirvöld að senda frá sér skýra og áberandi tilkynningu þar sem lögð er áhersla á skuldbindingu sína við „interculturalisma“, þ.e. fjölbreytni, jafnrétti og samspil. Mikilvægast er að meirihluti kjörinna fulltrúa og embættismanna hafi skýran skilning á skuldbindingunni og hvaða merkingu hún hefur fyrir stefnumótun þeirra. Borgaryfirvöld þurfa einnig að hefja ferli þar sem þau tileinka sér meginatriði fjölmeningar og innleiða þau í allar stefnur og aðgerðir.

#### **Niðurstaða:**

Slík yfirlýsing hefur aldrei verið birt þrátt fyri að Reykjavíkurborg hafi átt aðild að verkefninu seinustu 5 ár. Í ráðleggingum sérfræðinga ICC frá árinu 2014 kom fram að

Reykjavíkurborg ætti að lýsa yfir skuldbindingu við „interculturalisma“ með því að skrá og setja fram opinbera yfirlýsingu um að Reykjavíkurborg sé Intercultural City/Fjölmenningsborg. Reykjavíkurborg ætti því að innleiða intercultural stefnumótun og aðgerðaáætlun. Hér eru dæmi um yfirlýsta skuldbindingu frá öðrum borgum:

[Ballart, Ástralía](#)

[Oslo](#)

meira tengdt:

[Intercultural Action Plan Melton](#)